
Spáum 0,5% verðbólgu í október

Greiningardeild spáir 0,5% verðbólgu í október og gangi spá okkar eftir mun ársverðbólgan mælast 4,15% samanborið við 3,9% í september. Þann 1. október sl. hækkaði heildsöluverð á mjólk og mjókurafurðum um 3,1% og koma áhrifin nú fram. Við gerum jafnframt ráð fyrir frekari verðhækkunaráhrifum vegna fasteigna ásamt því sem við teljum að flugfargjöld muni hækka eftir að hafa lækkað nú þrjá mánuði samfleytt. Þá hefur eldsneytisverð áhrif til lækkunar að þessu sinni.


Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir þá verður ársverðbólgan komin í 3,5% í janúar 2014. Við teljum þó að verðbólguhorfur geti mögulega versnað frá því sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaspánni einkum ef krónan heldur áfram að veikjast eins og hún hefur gert að undanförnu..

Hægfara veiking kann að stuðla að þrálátari verðbólguvæntingum
Frá því í byrjun ágúst hefur krónan veikst um ríflega 4,5% gagnvart evru. Samkvæmt opinberum tölum þá hefur Seðlabankinn ekki gripið inn í frá því í lok september en þá seldi hann 3 m.EUR af gjaldeyrisforða sínum til að styðja krónuna. Seðlabankinn fylgir í dag stefnu sem hann kallar sjálfur „stýrt flot“ þar sem markmið stefnunnar er að jafna gengissveiflur. Frá því að peningastefnunefnd tilkynnti aukna virkni á gjaldeyrismarkaði þann 15.maí sl. þá hefur hefur jafnt og þétt dregið úr gengissveiflum eins og sést á neðangreindri mynd.



Heimild: Seðlabankinn og útreikningar greiningardeildar


Samhliða því sem tekist hefur að sveiflujafna krónuna þá hefur gengi krónunnar gagnvart evrunni verið að hreyfast á afar þröngu bili, hins vegar hefur krónan ekki mælst lægri gagnvart evrunni frá því inngripastefnan var ítrekuð í vor og er nú komin út fyrir þau mörk sem við höfum kosið að horfa til. Hugsanlegt er að veikingin að undanförnu skapi óvissu um gengisþróunina sem þá jafnframt getur ýtt undir hærri verðbólguvæntingar, eða a.m.k. fest háar verðbólguvæntingar í sessi. Ef krónan heldur áfram að veikjast á næstu vikum þá munu verðbólguhorfur breytast til hins verra, óvissan í spá okkar er því fremur til hækkunar en lækkunar.




Heimild: Seðlabankinn

Helstu þættir í verðbólguspánni í október

- **Flugfargjöld hækka.** Við spáum því að flugfargjöld hækki í mánuðinum en þau hafa lækkað síðustu þrjá mánuði. Þessi liður er eins og ávallt okkar stærsti óvissuþáttur enda sveiflurnar talsverðar og nánast útilokað að spá fyrir um þennan lið (nema að gefa sér einhverja þumalputtareglu eins og við reynum hér). *Áhrif: +0,10%.*





Heimild: Hagstofan


- **Mjólk og mjólkurafurðir hækka.** Tilkynnt hefur verið að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækkaði um 3,1% þann 1.október sl. *Áhrif: 0,07%.*
- **Húsnæðisliðurinn hækkar.** Eftir að hafa hækkað fimm mánuði samfleytt þá lækkaði óvænt liðurinn reiknuð leiga í september sl. Við gerum hins vegar áfram ráð fyrir því að liðurinn hafi áhrif til hækkunar þar sem þriggja mánaða hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu gefur tilefni til að ætla að áfram hafi þessi liður áhrif til hækkunar. Þá gerum við ráð fyrir óverulegum áhrifum annarra undirliða í húsnæðisliðnum. *Áhrif: +0,05%.*
- **Eldsneytisverð lækkar.** Eldsneytisverð hefur lækkað um 1,5% milli verðmælinga og koma því áhrifin fram til verðlækkunar í þessum mánuði. *Áhrif: -0,09%.*

Bráðabirgðaspá: Lítil verðbólga framundan en óvissan uppá við

Við erum ekki að sjá að það sé mikil verðbólga framundan og spáum við því að ársverðbólgan verði 3,5% í janúar 2014. Helstu þættir sem munu halda verðbólgunni gangandi eru gengisáhrifin auk þess sem við spáum því að húsnæðisliðurinn muni hafa áfram áhrif til hækkunar. Óvissa ríkir um áhrif komandi kjarasamninga en við tökum tillit til lítilsháttar smitáhrifa vegna þeirra á komandi mánuðum. Við teljum óvissuna fremur til hækkunar en lækkunar einkum ef krónan heldur áfram að veikjast.

Í bráðabirgðaspá okkar er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði, óbreyttu gengi krónunnar og að húsnæðisliðurinn hafi áhrif til hækkunar um 0,05% í hverjum mánuði.

- **Nóvember: +0,20%.** Árstíðarbundnar hækkanir.
- **Desember: +0,30%.** Árstíðarbundnar hækkanir og lítilsháttar smitáhrif vegna kjarasamninga.
- **Janúar: -0,40%.** Útsöluáhrif.



Heimild: Hagstofan og útreikningar greiningardeildar

Greiningardeild Arion banka

Brynjar Ólafsson
brynjar.olafsson@arionbanki.is
444-6262

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is
444-6981

Erna Sverrisdóttir
erna.sverrisdottir@arionbanki.is
444-6991

Fannar Jónsson
fannar.jonsson@arionbanki.is
444-6962

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is
444-6993

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is
444-6959

Forstöðumaður

Ásdís Kristjánsdóttir
asdis.kristjansdottir@arionbanki.is
444-6968

Hér má finna fyrirvara